

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 786/2013

2014/EES/12/12

frá 16. ágúst 2013

## um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar leyfileg mörk fyrir jessótoxín í lifandi samlokum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu <sup>(1)</sup>, einkum d-lið 1. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu er gildi fyrir stjórnendur matvælaframtækja. Í þeirri reglugerð er kveðið á um að stjórnendur matvælaframtækja eigi að tryggja að lifandi samlokur, sem settar eru á markað til manndis, innihaldi ekki tiltekin sjávarlífeytur í heildarmagni sem fer, þegar það er mælt í lifverunni allri eða einhverjum ætum hluta sérstaklega, yfir mörkin sem sett eru fram í 2. lið V. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerðina. Í d-lið 2. liðar þess kafla er sett fram hámarksgildi fyrir jessótoxín sem nemur 1 milligrammi af jafngildi jessótoxíns á hvert kíló.
- 2) Í desember 2008 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu, (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) álit sérfræðinganeftar um aðskotæfni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, um sjávarlífeytur í skelfiski — flokkur jessótoxína<sup>(2)</sup>. Samkvæmt því áliti komu engin dauðsföll og engin klínísk einkenni um eiturrhif fram í röð rannsókna á bráðum eiturrhifum í kjölfar inngjafar jessótoxína um munn. Þar að auki komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að skammtur af skelfiski ætti ekki að innihalda meira en 3,75 milligrömm af jafngildi

jessótoxíns á hvert kíló. Það magn er yfir nógildandi mörkum sem sett eru fram í d-lið 2. liðar V. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.

- 3) Á 32. fundi nefndar Alþjóðamatvælaáskráráðsins um fisk og fiskafurðir (1.–5. október 2012) var staðfest að jessótoxín eigi ekki að vera í skránni yfir sjávarlífeytur sem ætti að prófa á alþjóðavísu.
- 4) Í ljósi álits Matvælaöryggisstofnunarinnar og niðurstöðu 32. fundar Alþjóðamatvælaáskráráðsins um fisk og fiskafurðir þykir rétt að hækka nógildandi mörk fyrir jessótoxín í 3,75 milligrömm af jafngildi jessótoxíns á hvert kíló.
- 5) Því ber að breyta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað d-liðar 2. liðar V. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 komi eftirfarandi:

„d) þegar um er að ræða jessótoxín: 3,75 milligrömm jafngildis jessótoxíns á kílógramm,“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. ágúst 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 220, 17.8.2013, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

<sup>(2)</sup> Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2009) nr. 907, bls. 1–62.